

FORMÓÐSSTADAA  
I  
EYJAFIRDI

RENNSLISMÆLING  
NR. 1148

3. MARZ '64

Rvík, 18. marz '64  
S.Rist

Hinn 3. marz '64 mældu vatnamælingar Þormóðsstaðaá í Eyjafirði.

Rennslismælingin ber númerið Rm 1148. Mælinguna framkvæmdi undirritaður, S. Rist, ásamt Snæbirni Hjálmarssyni og sonum hans.

Veður: Logn heiðskirt  $2^{\circ}\text{C}$ . Nóttina áður var nokkurt frost og nálægt hálfur mánuður liðinn frá síðustu leysingu.

Rennslismælistaður: Í hvammi suðaustur af bænum Örskammt frá þeim stað, sem valinn hefur verið til virkjunar, af þeim Jóni í Ártúni, S-Þing. og Páli Hafstað, að því er Snæbjörn upplýsti.

Rennslið reyndist 630 lítrar á sekúndu. Vatnshiti var  $0,03^{\circ}\text{C}$ . Grunnstingull var víða í botni árinna frá því um nóttina áður, hann var að losna og flaut fram. Mælingin var gerð á tímanum kl 11-13. Um nóttina hefur rennslið verið nokkru minna. Skarir sýndu það meðal annars. Ég áætlaði minnsta næturrennslið út frá þeim um  $1/3$  hluta minna en hið melda þ.e.a.s. um 400 lítr./sek.

Einkenni árinna: Þormóðsstaðaá er dragá, en sökum þess hve fjalllendið upp af Þormóðsstaðadal er flatt og urð mikil, vögtar fyrir lindaeinkennum. Vatnasviðið er  $75\text{ km}^2$ . Afgrennslið var gerð, var 8,5 lítrar á sekúndu af  $\text{km}^2$ . *þessi mæling*

Áætlað meðalrennsli og flóð. Lítið er vitað um rennsli eyfirzku ána. Ég verð því hér að láta nægja að áætla rennslið út frá skagfirzku og þáingeysku ánum, en sá samanburður bendir til að meðalafrennslið sé a.m.k.  $35\text{ l/s km}^2$ , sem gefur meðalrennslið 2600 lítr./sek. Stærstu flóð verða ekki ákveðin með neinni vissu. Snæbjörn þekkir glögg til árinna. Hann sýndi mér hæstu flóðamörk að því er hann áleiti. Mælingar hafa engar verið gerðar. Ég átti von á hærri vatnsstöðu. Það er erfitt að áætla stærstu flóð, við fátt er að styðjast. Eftirfarandi gefur samt nokkra vísendingu. Vatnasviðið skiptist nokkurn veginn til helminga á milli hásléttunnar og dalsins. Gera má ráð fyrir að afrennsli af snarbröttum hlíðum dalsins geti stigið upp í nál. 1000 lítra á sekúndu af ferkílómetra, þ.e.a.s. daluránn gefur þá um 37 þús. lítta. Á sama tíma mun vart yfir  $200\text{ l/s km}^2$  berast af hásléttunni eða alls til Þormóðsstaðarár nál.  $45\text{ kl/s}$  (kílólítrar í sekúndu).

Ístruflanir: Þegar frystir snögglega getur árin þorrið með öllu um stundarsakir. Þegar íshjúpur er kominn yfir ána, eru ístruflanir úr sögunni. Rennslið mun haldast nægilegt á heimilisrafstöð, þó að frost séu langvin. Ístruflanir verða mestar á hlýjum vetrum, t.d. hefði grunnstingull hlaðist á inntaksgrindina og tekið fyrir allt rennsli til rafstöðvar, ef stöðin hefði verið komin í ána nóttina áður en umrædd rennslismæðing var gerð. Jakagangur getur verið töluverður, þegar áin ryður sig. Ekki er vitað um að þrepahlaup komi í ána að sögn Snæbjarnar.

Framkvæmdir: Snæbjörn hefur þegar hafizt handa. Steypumöl (50 bílfarmar) er komin á gilbarminn. Hann hefur keypt rafal og einnig tryggt sér rör og vatnsvél (frá Munkaþverá) ef nothæf reynist. Snæbjörn bað mig fyrir skilaboð til Bændavirkjana raforkumálastjóra, um að sér yrði send svo fljótt sem auðið væri vinnuteikninga- og vinnutilhögunarlýsing að stíflunni, sem hann hafi fengið loforð um fyrir all mörgum mánuðum. Mér skildist á Snæbirni, að hann treysti einna helst á Þingeyingana, Jón í Ártunum og Björn á Ljósavatni við að koma stöðinni upp.

Reykjavík 18. marz. '64